

skemmtilegt, þær hlökkuðu til að mæta, þátt fyrir annríki og þegar námskeiðið var búið var þegar farið að huga að því að leita að nýju námskeiðis sem fylgdi þessu eftir. En hvað var það einkum sem þeim fannst gagnlegt?

*Sigríður:* „Námskeiðið var byggt upp á mjög almennan hátt og kemur því að mjög víðtækum notum. Það var fjallað um hvernig koma ætti sínum málum á framfæri, til dæmis með því að æfa raddbeitingu ...“

*Hulda:* „... samningatækni og hvernig er hægt að fylgja hagsmunamálum sínum eftir.“

*Finnið þið fyrir því að þurfa frekar að láta að ykkur kveða en eldri starfsbræður?*

*Sigríður:* „Það kemur fyrir, það er sérstaklega eldra fólkið sem á erfitt með að sjá ungar stelpur fyrir sér sem lækna, heldur er læknir í þeirra augum virðulegur eldri maður. Við vorum um daginn að útskýra ítarlega niðurstöður úr rannsóknum fyrir gamalli konu og kynntum okkur auðvitað fyrir henni, en hún var sífellt að spyrja: Já, en hvenær kemur læknirinn, hvenær kemur sjálfur læknirinn.“

#### Óraunverulegt að sjá annað fyrir sér en jöfnuð

*Hulda:* „Mér fannst viss áskorun felast í því að fara í starf þar sem karlar voru ríkjandi. Maður finnur það vel að þeir eru í meirihluta enn, til dæmis á deildinni okkar, en þetta er að breytast, ekki síst með okkar kynslóð. Mér hefur alltaf fundist sjálfsagt að geta gert það sem ég vil, án þess að hugsa um það að ég sé stelpa. En hins vegar erum við að rekast á það núna að með tímanum þykir kannski ekki sjálfsagt að við fáum stöður til jafns við karla þegar við komum úr sérnámi, alla vega er möguleiki á að svo verði. Samt finnst mér það ekki vera raunverulegt.“

*Eruð það ekki einmitt þið sem ætlið að breyta því, ekki er það náttúrulögmál?*


*Hulda:* „Nei, það er það ekki, en tölurnar tala sínu máli. Hins vegar er aðalmálið að vera að gera það

sem maður vill gera. Ég hefði ekki séð það fyrir mér að ég, svona stelpuskjáta, yrði umsjónarlæknir á Landspítalanum rétt komin úr námi.“

*Sigríður:* „En það er merkilegt, að í seinni tíð hafa frekar verið konur í því starfi. Ég heyrði reyndar um daginn að það væri engin tilviljun. Konur hafa þótt skipulagðari og henta betur í þetta starf.“

Spjallið við Huldu og Sigríði gefur tilefni til fullrar bjartsýni á framtíð kvenna í læknastétt, og þær benda sjálfar á að hlutverkaskipting kynjanna hafi breyst verulega, og fjölgun kvenna í stéttinni vinni með þeim. Munurinn á kynjunum er að þeirra mati síður en svo til að hafa áhyggjur af, aðalatriðið er að allir eigi það val að stunda það nám og leita í þau störf sem áhugi þeirra stendur til. Og það hafa þær hugsað sér að gera.

aób



## Leiðrétting

Með umfjöllun um forsíðumyndina á maíhefti Læknablaðsins, *Lítill stúlka* eftir Önnu Hrefnudóttur, birtist ljóð sem er hluti af verkinu. Við birtingu féll niður síðari hluti ljóðsins. Ljóðið birtist hér í rétttri mynd.

Beðist er velvirðingar á mistökunum.

### LÍTIL STÚLKA

*Einu sinni var lítill stúlka  
sem sat oft í fjörunni  
og dreymdi um óskalandin hinum megin.*

*Seinna hinum megin,  
hlógu öldurnar og sögðu:  
Haltu áfram,  
óskalandið er enn  
handan sjóndeildarhringsins.*

*Ég er ennþá á leiðinni.*

AH

## Læknatalið selt í yfir 1000 eintökum

**Læknatalið, Læknar á Íslandi**, fjórða úgáfa, sem út kom á síðasta ári, hefur nú selst í yfir 1000 eintökum. Ritið er í þremur bindum og hefur að geyma æviágrip meira en 2000 lækna frá 17. öld og til ársins 2000. Í formála þess eru ýmsir skemmtilegir fróðleiksmolar, en ítarlegar æviskrár lækna eru vitanlega aðalefni þess. Þeir sem enn eiga eftir að eignast ritið og hafa hug á því að gera það geta nálgast það hjá bókaútgáfunni Þjóðsögu í Húsi verslunarinnar. Sími þar er 511 1777. Bókin mun einnig fáanleg í einhverjum bókaverslunum og hefur verið seld á krónur 26.900. Full ástæða er til að hvetja fólk til að skoða þetta fróðlega rit og athuga hvort ekki er ástæða til að eignast það.